

Dagskrá skólaráðsfundar 1.fundur 10. október 2018.

Fundinn sátu: Edda Björg, Sesselja, Elfa, Helga Vala, Guðrún Dóra, Ragnhildur og Eva.

Efni fundarins:

1. Kynna nefndarmenn og hlutverk skólaráðs.
Fundarstjórn var í höndum Eddu. Hún kynnti alla nefndarmenn og fór yfir hlutverk skólaráðs, helstu skyldur og áherslur funda í vetur.
2. Skólabyrjunin, starfsmannahald, listmeðferðarfræðingur, þroskaþjálfari og stuðningur.
Edda skólastjóri fór yfir það hvernig skólabyrjunin hefur verið í Sjálandsskóla. Skólabyrjunin hefur verið nokkuð þung. Nú er unnið í átaksverkefni yfir allan skólann varðandi hegðun og framkomu nemenda.
3. Alþjóðaskólinn.
Við sjáum ekki fram á að Alþjóðaskólinn verði farinn úr húsi fyrir næsta vetur. Það kemur því til með að vera gert deiliskipulag á lóðinni við Þórsmörk. Enn veltur það á því að Alþjóðaskólinn fari úr húsi að hægt verði að taka inn 5 ára bekk.
4. Nemendafjöldi.
Í skólanum eru í vetur 283 nemendur. Starfið gengur mjög vel í unglingadeild. 1. bekkur er mjög fámennur.
5. Starfsáætlun og helstu þróunarverkefni
Starfsáætlun er í vinnslu. Verið er að vinna að tveimur þróunarverkefnum jafnt og þétt í vetur. Eitt af þeim er núvitund og hugleiðsla hjá unglingum skólans.
6. Foreldrastarf
Farið var yfir mikilvægi þess að öflugt foreldrasamstarf sé í skólanum.
7. GDPR.
Útskýrt þær breytingar sem gerðar hafa verið á geymslu og eyðingu gagna. Farið yfir nýjar verklagsreglur skólans.
8. Jólasamvera
Haldin hafa voru heimaping sl. skólaþing í öllum árgöngum þar sem fjöldi nemenda hefur rætt um kirkjuferð. Nemendur í einum bekk skrifuðu skólastjóra bréf varðandi kirkjuferð þar sem þeir óskuðu eftir að það yrði endurskoðað að hún yrði lögð af. Umræða fundarins var á þá leið að rödd nemenda yrði að heyrast og skiptar skoðanir væru um málið. Ákvörðun var tekin um að farið yrði annars vegar í kirkjuferð og hins vegar í friðargöngu og notalega stund í skólanum og allir nemendur hefðu val. Allir borða saman hádegisverð bæði nemendur og starfsfólk.
9. Klakinn.
Helga Vala fór yfir starfið hjá Klakanum það sem af er vetrar. Krakkarnir hafa það sem af er ári verið mjög duglegir að mæta í Klakann. Þannig að starfið fer mjög vel af stað. Mikil mæting hefur verið á þau opnu hús sem nú þegar hafa verið haldin. Ánægjuleg byrjun á vetrinum.

Töluverður munur frá því sem var í fyrra í unglingsdeild. Miðdeildarstarfið hefur líka farið mjög vel af stað og þar er alltaf góð mæting.

Fundargerð ritaði Sesselja Þóra Gunnarsdóttir.